

75. Gunnarsholt með Brekkum	60	einingar	6
76. Kirkjubær eystri	70	—	22. jan.
77. Kirkjubær vestri	110	—	
78. Varmidalur	110	—	
79. Helluvað	70	—	
80. Gaddstaðir	50	—	
81. Selalækur	120	—	

Samtals: 5665 einingar

Framanskráð gjaldskrá er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag, til þess að öðlast gildi 1. febrúar þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

um

merking á frystu kjöti til útflutnings.

7
5. febr.

Allt fryst kjöt, sem flytja á til Svíþjóðar héðan af landi, skal merkt með bláum jafnarma þríhyrningi með orðinu Ísland innan í, rituðu í tveim samstöfum samhliða einni hliðinni, fyrri samstafan í hornið gegnt hliðinni, en síðari samstafan með hliðinni. Þetta merki má að eins setja á kjöt af skepnum, sem slátrað hefir verið í löggiltu sláturhúsi og mega að eins dýralæknar og aðrir löggiltir kjötskoðunarlæknar nota það.

Sé kjötið flutt út í heilum skrokkum, skal merkið að jafnaði sett á hálsinn. Þó má vikja frá þessu, ef ástæða þykir til.

Kjötið skal fryst og geymt í löggiltu frystihúsi þangað til það er flutt á skipsfjöl til útflutnings undir eftirliti yfirkjötmatsmanns.

7 Petta birtist hérmeð til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem
5. febr. hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. febr. 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

8

15. febr.

S A M Þ Y K K T

um

sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Greiðir hann kostnaðinn við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Frá Þjóðveginum nálægt Veigastöðum, norður Svalbarðsströnd að brú á Fnjóská hjá Laufási og þaðan um Grenivík út að Finnastöðum. Af þessum vegi liggja álmur niður á Svalbarðseyri og um Höfða niður á Kljáströnd.
2. Frá Þjóðveginum hjá Hálsi út Fnjóskadal austan ár, ofan við Dalsmynni á veginn út í Grenivík.
3. Frá Þjóðveginum hjá Skógum suður Fnjóskadal vestan ár um Þórðastaðarvað yfir Fnjóská, suður að Sörlastöðum austan ár.
4. Frá Þjóðveginum hjá Krossi út Kinn hjá Yztafelli um dragferjuna á Skjálfafljóti fyrir Núp og á Þjóðveginn nálægt Tjörn í Aðaldal. Af þessum vegi liggur álma út Kinn að Geirbjarnarstöðum.
5. Frá Þjóðveginum við Torfhól suður Bárðardal vestan fljóts að Stóruvöllum.
6. Frá Þjóðveginum við Skjálfafljótsbrú suður austan fljóts að Bjarnastöðum.
7. Frá Þjóðveginum hjá Breiðumýri suður Reykjadal að Máskoti.
8. Frá Helluvaði um Skútustaði að Reykjahlíð.
9. Frá Þjóðveginum hjá Mýlaugsstöðum um Staði yfir Laxá á Brúum norður Hvamma að Yztahvammi.
10. Frá Brúum suður Laxárdal vestan ár og yfir ána á Brettingsstaðabrú.
11. Frá Þjóðveginum hjá Laxamýri austan Kvíslar að Hveravöllum.